



FFSÍ

**FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS**

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/763
komudagur 7.2.2006

Reykjavík 1. febrúar 2006

**Nefndsvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurbæti 8 -10
150 Reykjavík.**

Efni: Frumvarp til laga um Siglingastofnun Íslands 375. mál.

FFSÍ telur siglingaráð vel mannað nú þegar og sér ekki þörf fyrir þessa breytingu.

F.h. FFSÍ


Árni Bjarnason



Félag skipstjórnarmanna

Alþingi
Erindi nr. P 132/815
komudagur 10.2.2006


Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd.
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík 8. febrúar 2006.

Umsögn: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996,
með síðari breytingum. 375. mál.

Félag skipstjórnarmanna hefur verið þeirrar skoðunar að frekar sé of fjölmennt en fámennt í
siglingaráði, og sér því ekki tilganginn með fjölgun fulltrúa.

F.h. Félags skipstjórnarmanna


Guðjón Armann Einarsson

HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 132/828
komudagur 14.2.2006

Alþingi samgöngunefnd
b.t. Ingvars Pórs Sigurðssonar

Reykjavík 9. febrúar 2006

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

0601003HA BLB
Tilv.:623

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um
Siglingastofnun Íslands**


Stjórn Hafnasambands sveitarfélaga hefur ekki fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum, en hafa stjórnarmenn hafnasambandsins fengið frumvarpið til skoðunar.

Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA



Birgir L. Blöndal

16.2.2006
Samgöngunefnd Alþingis

Í athugasemd við mál 375, Siglingastofnun Íslands er eftirfarandi texti:

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum samgönguráðuneytisins. Með frumvarpinu er lagt til að samtök skemmtibátaeigenda tilnefni fulltrúa í siglingaráð þannig að fulltrúum í ráðinu fjölgi úr ellefu í tólf. Hlutverk siglingaráðs er meðal annars að fjalla um öryggismál skipa og sjófarenda og þykir af þeim sökum eðlilegt að samtök skemmtibátaeigenda hafi þar fulltrúa, til jafns við aðra hagsmunaaðila.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hagsmunasamtök skemmtibátaeigenda komi sér saman um að tilnefna einn sameiginlegan fulltrúa. Í dag eru eftirfarandi samtök skemmtibátaeigenda starfandi: **Brokey – Siglingafélag Reykjavíkur, Kjölbátafélag Íslands, Siglingasamband Íslands og Snarfari, félag sportbátaeigenda.**

Á að hljóða svo.

Kjölbátasamband Ísland, Snarfari félag sportbátaeigenda í Reykjavík og Siglingasamband Íslands. Kjölbátasamband Íslands er landssamtök sem beita sér í að útbreiða siglingaþróttina og í hagsmunamálum skemmtibátaeigenda. Snarfari er félag sportbátaeigenda í Reykjavík með höfðustöðvar við Naustavog. Siglingasamband Íslands er æðsti aðili um öll mál siglinga- og róðraríþróttarinnar innan véband Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

Hjörtur Grétarsson
Formaður Kjölbátasambands Íslands.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/885
komudagur 17.2.2006

LHG/016/9.6 /DS/sig
Reykjavík 13. febrúar 2006

**Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um
frumvarp til laga um Siglingastofnun Íslands, 375. mál,
fulltrúi skemmtibátaeigenda í Siglingaráði.**

Landhelgisgæsla Íslands gerir ekki athugasemdir við lagafrumvarp þetta en teldi þó æskilegt að Landhelgisgæslan, sem m.a. hefur eftirlit með öryggismálum sjómanna á hafinu, hefði fulltrúa í Siglingaráði.

Við eftirlit á hafinu verða löggæslumenn oft og tíðum varir við hluti sem betur mættu fara og gætu þeir á þessum vettvangi komið með tillögur til úrbóta og tekið þátt í umræðum um öryggismál sjómanna sem eru starfsmönnum Landhelgisgæslunnar mjög hugleikin.

f.h. Landhelgisgæslu Íslands


Dagmar Sigurðardóttir lögfr.



Alþingi
Erindi nr. P 132/829.
komudagur
14. 2. 2006

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Til samgöngunefndar Alþingis

13. febrúar 2006

Efni: Umsögn um 375. mál.


„Frumvarp um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands,
nr. 6/1996, með síðari breytingum.“

Landssamband smábátæigenda mælir með samþykkt frumvarpsins og gerir ekki
athugasemdir við það.

Virðingarfyllst

f.h. Landssambands smábátæigenda


Örn Pálsson framkvæmdastjóri



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. P 132/827
komudagur 14.2.2006

Reykjavík 13. febrúar 2006.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum, 375. mál.

Um þetta mál hefur verið fjallað í Siglingaráði, en Sjómannasamband Íslands á fulltrúa í ráðinu, og virðist almenn sátt um að fulltrúi frá samtökum skemmtibátaeigenda eigi talsmann í ráðinu til að sjónarmið þessa hóps komi fram. Sjómannasamband Íslands gerir því ekki athugasemd við frumvarpið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/749
komudagur 3.2.2006

Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og Slysavarnaskóla sjómanna hafa borist eftirfarandi frumvörp til laga:

um breytingar á lögum um heimild fyrir ríkisstjónina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, nr. 7/1075, með síðari breytingum;

um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr 5/1996, með síðari breytingum;

um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum og

um rannsóknir sjóslysa

Ekki eru gerðar athugasemdir við umrædd frumvörp til laga.

Fyrir hönd Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Slysavarnaskóla sjómanna

Hilmar Snorrason
Skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2006.

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996,
með síðari breytingum.**

Eins og fram kom í bréfi til Nefndasviðs Alþingis dags. 1. febrúar 2006 hefur nýtt flutningasvið SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu tekið við verkefnum Sambands íslenskra kaupskipaútgerða. Við þökkum mótttekið bréf samgöngunefndar Alþingis dags. 26. janúar s.l. þar sem óskað er umsagnar um ofangreint lagafrumvarp.

Samkvæmt ofangreindu er farið fram á að gerð verði sú breyting á 1. gr. frumvarpsins að í upptalningu á þeim aðilum sem tilnefna skulu fulltrúa, komi SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu í stað Sambands íslenskra kaupskipaútgerða.

Virðingarfyllt

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu



Tryggvi Þór Ágústsson

samrit sent í tölvupósti

Alþingi
Erindi nr. P 132/858
komudagur 15.2.2006



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 10. febrúar 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að samtök skemmtibátaeigenda tilnefni fulltrúa í siglingaráð þannig að fulltrúum í ráðinu fjölgi úr ellefu í tólf. Vélstjórafélag Íslands hefur ekki athugasemdir við frumvarpið.

Vrðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands,

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!